

Sandkorn 2011

Árshátíðarblað Grunnskólans í Sandgerði



Ritstjórnarpistill

Undanfarin ár hefur fjölmiðlaval skólans séð um útgáfu skólablaðsins Sandkorn. En í ár er ekkert fjölmiðlaval í skólanum þannig að í byrjun mars var útlit fyrir að ekkert árshátíðarblað yrði gefið út í ár. Þá tóku Magga kennari og nemendur í 10. þBT sig til, brettu upp ermar og réðust í útgáfu þessa blaðs.

Við höfðum tvær vikur til að vinna blað sem oft hefur verið tvo til þrjá mánuði í vinnslu. Farið var á fullt við að safna efni í blaðið, taka viðtöl, sjá um kosningu og semja efni til að hafa í blaðinu. En sama hversu mikill dugnaðurinn og krafturinn er, þá þarf peninga til að gefa út svona blað og viljum við þakka þeim fyrirtækjum sem sáu sér fært að styrkja okkur. Án þessara styrkja hefði blaðið ekki komið út, svo takk!

Blaðamenn blaðsins: Særún, Ágúst Atli, Markús, Birgitta, Björgvin, Magda, Donni, Lydia, Halldóra, Lilla, Jórunn og Máni.



Fréttir úr Skýjaborg

Haustið 2010

Skýjaborg hefur verið með fjölbreytta dagskrá í vetur og byrjaði starfsemin á opnunarballi 10. september 2010. Í haust var margt um að vera eins og t.d. brjóstsykursgerð, landsmót Samfés, förðunarnámskeið og fleira.

Keppnir

Starfsárið 2010-2011 hefur Félagsmiðstöðin Skýjaborg staðið fyrir allskonar keppnum, þar má nefna billiardmót, borðtennismót, körfutennismót, Wii keilumót, FIFA-mót, Wii-golfmót, Fearfactor keppni, kókosbollu-kappát og hin frægi bollukóngur var á sínum stað.

Opnunarball í Grunnskólanum í Sandgerði

12. nóvember 2010 opnar Félagsmiðstöðin Skýjaborg formlega í Grunnskólanum í Sandgerði og var það gert með balli og sleepover gistinótt. Það var rosalega mikið fjör og má segja að það hafi verið þétt stemming yfir nóttina.

Stíll

Hin árlega fatahönnunarkeppni Stíls var haldin í Smáralind 20. nóvember.

Eftir að keppendur okkar höfðu farið í gegnum undankeppni Stíls í Grindavík var haldið á keppnina í Smáralind, liðið okkar stóð sig gríðalega vel.

Samfeshátíð

Samfeshátíðin var haldin helgina 4.-5.mars. Samfeshátíðin var glæsileg í alla staði og voru um 4.500 unglingar á ballinu.

Hjómsveitirnar sem voru á svæðinu voru: Jón Jónsson, Dikta, Sykur og Friðrik Dór ásamt skemmtilegum unglingshljómsveitum.

Gist var í félagsmiðstöðinni Fjörgyn og svo var farið á söngvakeppni Samfés á laugardeginum 5. mars 2011.

Hiphop ball

Föstudaginn 18.mars 2011 var haldið hiphop ball í Félagsmiðstöðinni Skýjaborg þar sem fjöldi unglinga komu og hlustuðu á Ástþór Óðinn og Andra Már sýna listir sýnar ásamt öðrum félögum.

Framundan í Skýjaborg

Draugaball Skýjaborgar er áætlað að verði þann 29.apríl þar sem ógurlegt draugahús verður og enginn er óhultur. Auglýst síðar.

Lokaball félagsmiðstöðva verður 6.maí í félagsmiðstöðinni Fjörheimum þar sem allar félagsmiðstöðvar á Suðurnesjum koma og skemmta sér saman. Auglýst síðar.

Þetta er bara brot af því sem við erum búin að gera í vetur....

Munið krakkar, Skýjaborg stendur og fellur með ykkur.

Stuðkveðjur,

Starfsfólk Skýjaborgar.



Vorferðalag 9. bekkjar 2010

Við nemendur í 9. bekk Grunnskólans í Sandgerði, nú í 10. bekk, lögðum af stað í skemmtilega og spennandi vorferð til Skagafjarðar þann 31. maí 2010. Það voru allir hressir og kátir og hlökkuðu mikið til ferðarinnar. Við höfðum heyrt margt og mikið skemmtilegt um ferðina.

Maður að nafni Siggi var bílstjórinn okkar og fylgdi okkur alla ferðina. Hann var mjög skemmtilegur og hélt oft á tíðum uppi stemmingunni í hópnum. Á leiðinni norður stoppuðum við í Víðigerði og fengum okkur að borða en þar fengum við eina bestu hamburgara sem við höfum smakkað.

Við byrjuðum ferðina á klettasigi en það voru ekki allir sem treystu sér í það. Þeir sem fóru sögðu að þetta hefði verið eitt það mesta adrenalínkikk sem þeir hefðu upplifað. Þegar við vorum komin á Árgarð þ.e. áfangastað skelltum við okkur í sund og höfðum það kósý.

Næsta dag vöknudum allir hressir og fengu sér góða morgunhressingu. Lagt var af stað á Grettisslóðir við Drangey, frá Grettislaugum fórum við á bát til Drangeyjar og gengum upp Drangey. Tvær ungar stelpur og umsjónarkennarinn þjáðust af lofthræðslu og þorðu ekki upp en í staðinn töluðu þær við skipstjóran hann Jón Drangeyjarjarl. Hann sagði margar skemmtilegar og spennandi sögur. Eftir þessa skemmtilegu Drangeyjarferð fórum við á skotæfingasvæði, þar fengum við að skjóta úr allskonar skotvopnum. Þegar skotæfingunum var lokið fórum við á pizzuhlaðborði á Sauðárkróki þar sem allir átu yfir sig af góðum pizzum. Við heimsóttum tæknifjós þar sem róbótar mjólka kýrnar og þar sáum við fullt af dýrum og hina einu sönnu tæknilegu mjólkurvél. Þegar við komum í rútuna var angandi fjósalykt af okkur krökkunum og við skoluðum hana af okkur í sundlauginni á heimleiðinni.

Þriðja daginn fórum við í hópefli þar sem ungir og hressir útlendingar fóru með okkur í skemmtilega leiki. Við skoðuðum gamla kirkju, það var mjög gaman að skoða hana, því þar var fullt að gömlum minjum og sagðar margar skemmtilegar sögur. Eftir kirkjuferðina fengum við okkur pulsir og ís í sjoppu í Varmahlíð. **Loksins** kom að þessu skemmtilegasta sem við höfðum beðið svo lengi eftir.... **RIVER RAFTING!** Allur bekkurinn var búinn að bíða mjög spennur eftir því að fá að sigla niður á, það heppnaðist virkilega vel og var svaka stuð. Eftir þessa heljarinnar skemmtiferð voru allir orðnir glorsoltnir og fengu sér lasange í gogginn í Árgarði.

Eftir morgunhressingu síðasta daginn fóru allir að pakka saman dótinu sínu og setja það í rútuna. Þegar allt var orðið klárt lögðum við af stað í litbolta (paintball). Það voru ekki allir sem treystu sér í það en þeir sem fóru sögðu að þetta hafi verið æðislega gaman. Þegar litboltinn var búinn ákvöðum við krakkarnir að stoppa aftur í Víðigerði á leiðinni heim því við vorum yfir okkur hrifin af hamburgurunum þar síðast. Við viljum bara segja krökkunum sem eiga eftir að fara í þessa ferð endilega drífið ykkur með , þið munuð **EKKI** sjá eftir því að fara í þessa ferð .. :-)



Skólakosningar 2011

Skólakosningar 2011

Herra Sandgerðisskóli = **Magnús**

Ungfrú Sandgerðisskóli = **Særún Sif**

Íþróttafrík ársins = **Magnús**

Ljóska ársins = **Aníta Rut**

Fatafrík ársins = **Særún Sif**

Hár ársins = **Lilla**

Fyndnasta manneskjan = **Björgvin Páll**

Besti hláturinn = **Birgitta Ýr**

Mesta krúttið = **Kristófer Máni**

Klikkhaus ársins = **Guðmundur Árni**

Flottasta brosið = **Halldóra Inga og Margrét Rósa**

Klaufabárðar ársins = **Halldór Jón og Jórunn**

Símalína ársins = **Magda Díana**

Counterstrike-ari ársins = **Markús**

Dansdrottning ársins = **Hafdís Birta**


Danskóngur ársins = **Daníel Smári**

Kennari ársins = **Ragnhildur L. (Ragga)**

Rass ársins = **Aníta Rut**

Augu ársins = **Lydia Rut**

Grettari ársins = **Ágúst Atli**



Til 10. bekkjar.



Ég man:

- * þegar næstum allar stelpurnar voru ljóshærðar
- * þegar allir strákarirnir voru minni en ég
- * dönskutímana með sérstökum „hrein“
- * þegar við sváfum í skólanum
- * skauta- og keiluferð og Alþingisferðina
- * hvað þið hélduð að skemmtiatriðið í 7. bekk væri hallærislegt
- * hvað skemmtiatriðið í 9. bekk sló í gegn
- * þegar þið voruð fremst í eineltisgöngunni
- * hvað þið voruð þolinmóð við yngri börnin í þemavikum
- * hvað þið stóðuð ykkur vel í skólaferðalaginu í Skagafjörðinn, algjörir snillingar.

Ástarþakkir fyrir allan tímann sem við verið saman í gegnum súrt og sætt.

Gangi ykkur vel með allt sem þið takið ykkur fyrir hendur í framtíðinni.

Ykkar Þórunn Björk.



Aníta Rut Jónsdóttir
14. júlí
Oh hell no!



Ágúst Atli Ragnarsson
22. september
Iron Maiden!!!



Birgitta Ýr Jósepsdóttir
18. október
Hahaha



Björgvin Páll Guðnason
29. maí
Viltu vera mamma mín?



Daníel Smári Bjarnason
20. júlí
Ég nenni þessu ekki, má ég fara heim.



Guðmundur Árni Sigurpálsson
9. nóvember
DC



Hafdís Birta Johansson
11. júlí
Sko þúist



Halldór Jón Grétarsson
15. mars
Af hverju alltaf ég?



Halldóra Inga Helgadóttir
2. febrúar
HATCJÚÚÚ!



Jórunn Kjartansdóttir
14. júlí
LOL



Kristófer Máni Axelsson
9. maí
Bless kex



Lilla Szabo
29.júní
Þegiðu maður!



Lydia Rut Kristjánsdóttir
27. apríl
Mér er svo kalt



Magda Díana Mazurek
13. apríl
Ertu þroskaheftur?



Magnús Ríkharðsson
28. maí
Farð í bað!



Margrét Rósa Ægisdóttir
14. desember
Ég veit það ekki.



Markús Guðmundsson
15. maí
Narrabagg



Særún Sif Ársælsdóttir
27. apríl
Skopskyn þitt er ei skondið.

10. bekkur 2011

Fílar eru einu dýrin
sem geta ekki
hoppað

Grettukeppni skólans



Gretta ársins



Yngsti páfinn var
11 ára

Kennaraviðtal

Nafn: S. Bergþór Magnússon.

Nýttu þess að kenna? Já.

Uppáhaldsbekkur? Allir.

Hvað ertu búinn að kenna í mörg ár? 18 ár.

Er einhver annar kennari í uppáhaldi?
nei ég er langbestur .

Hlakkaru til að fara í sumarfrí? Já.

Hvað ætlaru að gera í sumar? Útlanda og spila gólf.

Langaði þig að vera kennari þegar þú varst lítill? Nei.

Langar þig að vera einhvað annað í framtíðinni? jájá.

Hvað er uppáhaldsliðið þitt í enska og spænska boltanum?
Arsenal og Malaga.



Nemandaviðtal

Hvað heitir þú á fullu nafni? Berglind Lára Haraldsdóttir.

Hvar áttu heima? Ég á heima í Sandgerði sko.

Afmælisdagurinn? 1.mái

Í hvaða Stjörnumerki ertu? Er naut.

Hverjir eru bestu vinir þínir? Aníta, Særún, Lilla og Sandra.

Ertu að deita einhvern? Ég er í sambandi.

Uppáhalds kennari? Bagga beip.

Mest böggandi? Drama.

Hræðilegasta tilhugsunin? Að þurfa að fara í íþróttir.

Hvað er undir rúminu þínu? Kanína.

Í hverju sefuru? Nærbuxum.

Er Máni ekki fallegastur? Júú !

Eitthvað að lokum ? Ég elska þig Lilla mín.



Sterkastí vöðvinn
í líkamanum er
tungan

Gettu betur

Spurningar

1. Hver var forsætisráðherra Bretlands í seinni heimsstyrjöldinni?
2. Hvað er hæsta fjall í heimi og hvað er það hátt?
3. Hverjir börðust í þorskastríðinu?
4. Hve stór var jarðskjálftinn í Japan?
5. Hver er söngvari Iron Maiden?
6. Hvað stendur fullnæging svína lengi yfir?
7. Hvað heitir vetrarbrautin sem jörðin er í?
8. Hvort er þyngra 1 kg af jární eða 1 kg af fjöðrum?
9. Hvað er þjóðarblóm Íslendinga?
10. Hvaða ár kom páfinn til Sandgerðis?

Svör

1. Winston Churchill
2. Mount Everest, 8848 metrar
3. Bretar og Íslendingar
4. 8, 9
5. Bruce Dickinson
6. 30 mínútur
7. Milky way eða Vetrarbrautin
8. Jafn þungt
9. Holtasóley
10. 1989

Örn Ævar

1. Winston Churchill
2. Mount Everest, 8000
3. Bretar og Íslendingar
4. 8,9
5. Buce Dickinson
6. 15 sekúndur
7. Milky way
8. Jafn þungt
9. Pass
10. 2003



Hilmar

1. Churchill
2. Mount Everest, það er mjög stórt
3. Bretar og Íslendingar
4. 8,9
5. Flugstjóri hjá Iceland Express
6. Langan tíma
7. Milky way
8. Jafn þungt
9. Sóley
10. 1993





Sindri Már

1. Major Sulta
2. Everest, 1400 ft
3. Bretland og Ísland
4. 8,9
5. Bruce Dickinson
6. 1 klukkustund
7. Dósasel
8. Jafnt
9. Æla í glasi
10. 1973



Sigurður Bjarki

1. Veit ekki
2. Mount Everest, 5000 km
3. Bretar og Íslendingar
4. 8,7
5. Bruce
6. 10 mínútur
7. Veit ekki
8. Jafn þungt
9. Fífill
10. 1990



Framtíðarspá

Aníta Rut verður frægur snyrtifræðingur í Los Angeles eftir fjölbraut. Hún opnar eigin snyrtibúð Beauty is pain. eftir fimm ár mun hún missa búðina. Hún finnur draumaprinsinn og eignast með honum nokkur börn en skilur við hann.

Ágúst Atli. Bruce Dickinson býður honum í teboð til Englands, þeir tala saman í marga klukkutíma um eitt myndband en þar með er framtíð Ágúst Atla ráðin. Bruce Dickinson býður honum að taka við sem söngvari hljómsveitarinnar Iron Maiden. Ágúst Atli flytur til Bretlands í húsið hans Bruce hann eignast konu og þrjá stráka þá Ripp, Rapp og Rupp sem verða allir frægir brakedansarar.

Birgitta Ýr mun flytja til Spánar og stofna Fitnessboxstöð þar sem hún mun kenna allt það nýjasta í fitnessboxi. Hún flytur aftur til Íslands og verður túlkur fyrir spænska sendiráðið. Hún mun giftast spænskum milljónamæringi og eignast með honum fjögur börn.

Björgvin Páll fer í nám og lærir vélvirkjann. Hann rekur sína eigin mótorhjólabúð. Hann mun búa einn með mömmu sinni til 31 árs aldurs en þá kynnist hann draumadísinni í gegnum leikinn CS:S og flytur út með henni þau munu eignast tvo stráka og eina stelpu saman.

Daníel Smári mun búa á bóndabæ fyrir utan Akureyri þar sem hann kemur á fót nýrri lífrænni ræktun á grænmeti. Hann ferðast um heiminn og kynnir þessa uppfinningu sína. Hann eignast nóg af peningum og verður hamingjusamlega giftur og eignast 10 börn.

Guðmundur Árni mun starfa sem bifvélavirki. Honum er boðið að leika í auglýsingum fyrir YAMAHA og hann hagnast mikið á því og fær borgað með krossara og 20 pörum af Monster skóm. Guðmundur Árni mun einnig eiga hús, fjórhjól, bíl og fjölskyldu, konu og tvo syni.

Hafdís Birta mun halda áfram að dansa. Hún mun flytja út til að taka þátt í So you think you can dance og vinnur með stæl. Þegar hún verður orðin heimsfræg gefur hún út bók um dansferill sinn. Hún eignast mann og tvo syni.

Halldór Jón verður meðlimur í 4x4 klúbbnum. Hann mun þjálf sig í að keppa í torfærum á 44 tommu jeppa. Hann verður með æfingasvæði bak við húsið sitt. Einnig verður hann meðlimur Björgunarsveitarinnar Sigurvon. Hann giftist um 40 ára og eignast þrjá syni.

Halldóra Inga fer í FS eftir grunnskóla og lærir myndlist. Eftir að hún útskrifast úr FS ferðast hún um allan heim og sýnir verkin sín í frægustu myndlistarhúsum m.a. N.Y., París, Róm. Hún mun búa í París og eiga mann og börn. Allir draumar hennar munu rætast.

Framtíðarspá

Jórunn mun flytja vestur til Suðureyrar þegar hún verður búin að mennta sig sem ljósmóður. Hún tekur að sér öll börn á Suðureyri næstu 50 árin. Hún giftist draumaprinsinum og eignast sjö börn.

Kristófer Máni fer í MK eftir grunnskóla og lærir matsveininn, hann mun vinna sem kokkur á sjó. Hann fer í keppni og verður kosinn kokkur ársins og fær vinnu á Silver flottasta veitingahúsi á landinu. Hann mun eiga konu og tvo krakka, flott hús og mikla peninga.

Lilla lætur af störfum í Bónus um tvítugt og drífur sig í módel skóla og verður frægt módel. Hún tekur þátt í Ameríkan next top model og slær í gegn. Hún ferðast um heiminn og situr fyrir hjá heimsfrægum hönnuðum. Hún lifir eins og enginn sé morgundagurinn og lætur drauma sína rætast.

Lydia Rut mun gerast meðeigandi Blizzard fyrirtækisins, hún mun framleiða tölvuleik sem verður þrefalt betri en Wow. Hún mun ferðast um allan heim og kynna leikinn. Hún kynnist manni sem hefur sömu áhugamál og þau eignast tvö börn.

Magda Díana verður naglafræðingur, mun eiga naglastofu í London. Hún verður mjög rík og mun eiga stóra fjölskyldu og eiga heima í þriggja hæða íbúð. Magda Díana mun byrja strax með draumaprinsinum sínum í framhaldsskóla og hún giftist honum og á góða framtíð með honum. Í frístundum þrjónar hún húfur, peysur og vettlinga.

Magnús mun ná langt í knattspyrnunni eftir stífar æfingar á Íslandi verður honum boðið að ganga til liðs við FC Porto í Portúgal. Hann brillerar þar í tvö ár og fer þá til Barcelona og fótbrotnar í fyrsta leik. Hann gengur aftur til liðs við FC Porto í Portúgal og verður milljarðamæringur og á heima í 500 fermetra húsi. Hann eignast konu og tvo litla fótbolta snillinga.

Margrét Rósa mun stofna förðunarfyrirtæki og vera landsfrægur förðunarfræðingur. Hún mun farða fræga fólkið og vinna á stöð tvö. Hún kemur oft fram á forsíðu Séð og heyrt með fræga fólkinu. Hún mun búa í Reykjavík, giftast og eignast þrjár stelpur.

Markús mun fara í framhaldsskóla og háskóla. Hann flytur til Rússlands og verður Rússneskur sendiráðsmaður þar kynnist hann konu að nafni Zurbvee Skgnow og þau eignast soninn Viktor Reznov. Þau flytjast til Íslands og Markús verður forseti á Bessastöðum þar sem hann mun reka stórt kúabú með innflutum kúm frá Rússlandi að nafni Kusalingar.

Særún Sif verður frægur fatahönnuður sem opnar búð í N.Y. sem mun heita Sæ.secret. Hún mun einnig læra að vera snyrtifræðingur eins og Hildur systir hennar. Þær munu búa saman í N.Y. og reka snyrtivöruverslun og stofna sjónvarpsþátt um tísku sem verður heimsfrægur. Særún mun giftast og eignast eina dóttur sem verður mótél fyrir búðina Sæ.secret.

Bestu vínir

Avar og Karel



Hvað gerir ykkur að vinum? **COD**

Hvað gerið þið daglega? **Bardagaíþróttir**

Hvað eru þið búnir að vera vinir lengi ?


Síðan 2. bekk

Hvaða sömu áhugamál hafi þið? **COD, Wrestling, bardagaíþróttir**

Hvað gerið þið í frítímanum (helgar)? **Æfingar, Tölva**

Vilji þið vera mömmur okkar? **Já**

Lokaorð: **Ekki vera feitur**



Indiana Huld, og Sigríður Margrét

Hvað gerir ykkur að vinum? **Persónuleikinn, áhugamál**

Hvað gerið þið daglega? **Tölvum, hitta vini**

Hvað eru þið búnar að vera vinir lengi ?

Síðan 3. bekk

Hvaða sömu áhugamál hafi þið ? **Fótbolti, dans**

Hvað gerið þið í frítímanum (helgar)? **Keflavík**

Vilji þið vera mömmur okkar? **Auðvitað**

Lokaorð. **Bæ**



Eftir grunnskóla....

Það hefur ýmislegt breyst eftir grunnskóla - það mikið get ég sagt. Ég fór í skóla í Reykjavík ólíkt flestum og það var frekar hræðilegt að byrja fyrst, alveg gjörsamlega ein og þurfa að kynnast nýju fólki, en það var sko alveg þess virði. Ég komst eiginlega bara að því að fólk líkar við mig fyrir að ég er ég. Ég veit þetta er svolítið Cheesey en hey það má einu sinni. Það er líka ótrúlegt en það er ekki svona mikið drama í Reykjavíkinni eins og hér á Suðurnesjunum.



Ég get sagt ykkur að það er ekki bara líf eftir grunnskólann heldur byrjar lífið nokkurn veginn þá. Þú ert frjálssari og sjálfstæðari sem er samt sem áður hræðileg tilhugsun. Ég sakna þess þó stundum að vera í þessari litlu kúlu sem Grunnskólinn okkar er. Því þetta er einskonar ein stór fjölskylda.

Húff það eina sem er óþolandi við framhaldskólalífið er að kennurum er drullu sama um hvort þú ert að standa þig vel eða að læra heima. Þannig að þú þarf að vera extra samviskusamur og drattast til að læra sem er alveg bardagi get ég sagt!

Ég er svo heppin að ég hef bæði prófað að vera í framhaldskóla með og án bekkjarkerfi. Þetta er tvennt ólíkt það er alveg á hreinu. Ég var í Menntaskólanum við Hamrahlíð (MH) fyrir áramót og það var mjög gaman, ég kynntist fullt af skemmtilegu fólki sem ég hef ennþá gott samband við. MH er mjög mjög stór skóli og þar af leiðandi hellingur af nemendum, eiginlega bara aðeins of stórt fyrir minn smekk. Það er reyndar aðal ástæðan fyrir því að ég skipti. Ég var nánast aldrei með sama fólkinu í tíma og ég átti einginlega bara marga vini en mjög fáa góða góða vini. Annars er félagslífið mjög gott og létt að komast inni "samfélagið". Kennararnir eru flestir mjög góðir t.d elsku góði Kalli sögukennari LEGEND skal ég segja.

En þá er það Kvennaskólinn í Reykjavík sem ég fór í eftir áramót og þar er bekkjarkerfi sem hentar mér þúsundfalt betur. Ég var mjög heppin og lenti í bekk sem var mjög opinn og tók vel á móti mér. En þótt það sé bekkjarkerfi þýðir það ekki að maður er BARA með bekknum sínum þvert á móti, bekkirnir gera oft allskonar hluti saman og svo hittast allir í matsalnum og svona. Kvennó er miklu minni skóli en MH. Félagslífið í Kvennó er ekkert að spara sig og það er alltaf mikið um að vera. Þessa dagana er að byrja kosningavika og það er svakalegt fjör fyrir Kvennskælinga. Það er líka einskonar samheldni sem ríkir yfir Kvennó kannski útaf hann er svo lítill og krúttulegur ég veit ekki en minnir mig á litla grunnskólann minn í Sandgerði. En já kennararnir eru yndislegir og eru ekki, allvega, jafn sama um hvort þú ert að standa þig eður ei sem er eins gott hah.

En heyrðu, nú er ég er örugglega búin að blaðra nóg, sé ég ykkur í Kvennó máske?

Helene Rún

P.S KVENNÓ VANN **GETTU BETUR** HELL YEAH!

Myndir héðan og þaðan!



Menn éta
að meðaltali 8
köngulær á ævi
sinni í svefni.

Eftirtaldir aðilar styrktu blaðið

